

128 Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs tvo endurskoðendur reikninga Bíóhallar-
10. júlí innar.

Bíóhöllin greiðir ekki útsvar né sætagjald eða neina aðra skatta til bæjar-
sjóðs, sbr. gjafabréf okkar og svarbréf bæjarstjórnarinnar á Akranesi, dags. 19.
sept. 1943.

6. gr.

Tekjuafgangi af rekstri Bíóhallarinnar skal, að frádregnum viðhalds- og um-
bótakostnaði, verja til þess að styðja að byggingu gamalmannahæla, barnaheimila,
sjúkrahúsa og drykkjumannahæla fyrir kaupstaðinn og til kaupa á hjúkrunar- og
lækningatækjum og öðrum útbúnaði til stofnana þessara, svo og til styrktar rekstri
þeirra, þegar þau eru komin á fót.

7. gr.

Sjóð þann, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, skal stjórnin geyma og ávaxta
á sem tryggilegastan hátt og þannig, að til hans megi grípa með litlum fyrirvara
til styrktar þeim málefnum, sem um ræðir í 6. gr. Skal meginhluti sjóðsins að jafn-
aði geymdur í banka eða öruggum sparisjóði, en heimilt er stjórninni að ávaxta
þann hluta hans, sem ekki er líklegt að grípa þurfi til í náinni framtíð, með kaup-
um á tryggum, opinberum verðbréfum.

Hins vegar er óheimilt að veita einstaklingum eða félögum lán úr sjóðnum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og er skipulags-
skrá nr. 82 24 maí 1944 þar með úr gildi fallin.

Akranesi, 5. júní 1945.

Ingunn Sveinsdóttir. Haraldur Böðvarsson.

129
9. júlí

REGLUGERÐ

um veltuskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð veltuskatts skal tilkynnt
skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m., eftir að
gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða
skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. sama mánaðar. Úrskurður skatt-
stjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20.
sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirsatta-
nefndar og síðan til rikisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kæru-
frestur til þeirra eru 10 dagar, og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um
veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.